

A 1874/hállbart

Afgreiðsla

Norræna sjálfbærninefndin

Nefndarálit norrænu þekkingar- og menningarnefndarinnar um þingmannatillögu um norrænt loftslagsbandalag

Norðurlandaráð beinir þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar

að vinna sameiginlega að því að uppfæra loftslagsmarkmiðin í Evrópu í samræmi við ráð vísindafólks með það fyrir augum að ná 1,5 gráðu markmiði Parísarsamkomulagsins.

Norðurlandaráð beinir þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar

að fylgja eftir norrænni yfirlýsingu um kolefnishlutleysi með sameiginlegri norrænni loftslagsstefnu

Bakgrunnur

Loftslagsváin er áskorun sem gerir kröfu um forystuhæfileika og röggsemi. Þrátt fyrir markmið Parísarsamningsins um að halda hlýnun jarðar innan við 1,5 gráður miðað við hitastig fyrir iðnvæðingu er koldíoxíðlosun landa heims föst í sömu sporum.¹ Raunar áforma þau heldur að auka vinnslu jarðefnaeldsneytis um meira en tvöfalt það magn sem 1,5 gráðumarkið gerir ráð fyrir.² Eftir því sem löndin ganga á kolefniskvótann dregur úr líkum á því að takist að takmarka hnattræna hlýnun. Frá árinu 2005 hafa mælst tíu hlýjustu ár frá því að mælingar hófust.³

Þótt losun norrænu landanna sé lítil í alþjóðlegum samanburði er hún mikil miðað við höfðatölu sé litið til Norðurlanda sem eins svæðis.⁴ Norrænu löndin og sjálfsstjórnarsvæðin hafa hvert fyrir sig axlað ábyrgð á losun sinni með því að setja sér loftslagsmarkmið. Markmið Svíþjóðar er nettó núlllosun árið 2045. Noregur ákvað að minnka losun um 55% miðað við 1990 og verða kolefnishlutlaus fyrir 2050. [Danmörk hyggst minnka losun um 70% fyrir 2030 miðað við 1990 og ná kolefnishlutleysi fyrir 2050.](#) [Færeyjar vilja draga úr losun um 45% fyrir 2030 miðað við 2010.](#) Í markmiðum [Grænlands fyrir 2030](#) eiga 90% allrar orku sem fer í opinbera starfsemi að koma frá

¹ <https://www.c2es.org/content/international-emissions/>

² <https://www.unenvironment.org/resources/report/production-gap-report-2019>

³ <https://www.climatecentral.org/gallery/graphics/top-10-warmest-years-on-record>



endurnýjanlegum orkugjöfum. Finnland stefnir að kolefnishlutleysi fyrir 2035 og vinnur að gerð nýrra langtímamarkmiða í endurskoðaðri loftslagslöggjöf.

Álandseyjar stefna að því að draga úr losun um 60% fyrir 2030 miðað við 1990 og þar er verið að vinna að loftslagslöggjöf með nýjum markmiðum. Ísland stefnir að kolefnishlutleysi fyrir 2040. Í svari við skriflegri fyrirspurn Norðurlandaráðs (E20/2019) kemur fram að öll löndin vinni gagngert að því að ná settum landsmarkmiðum á öllum sviðum. Löndin hafi gripið til ráðstafana og innleitt nýjungar sem önnur stór losunarlönd geti einnig hagnýtt sér.

Ný norræn framtíðarsýn og yfirlýsingin um kolefnishlutleysi sem samþykkt var 2019 marka að löndin hverfa frá bráðabirgðalausnum og vinna nú ötullega saman að loftslagsmálum. Í formennskuáætlun Danmerkur í Norðurlandaráði 2021 kemur skýrt fram að löndin þurfi að auka stefnumótandi samhæfingu og semja norræna loftslagsstefnu. Nú er tímabært að taka skref fram á við og setja sér sameiginleg loftslagsmarkmið. Í bréfi sem norræn náttúruverndarsamtök sendu frá sér í byrjun árs 2021 hvetja þau Norðurlandaráð til að sýna trúverðugleika í verki og koma sér saman um hvernig notkun jarðefnaeldsneytis verði hætt í áföngum.⁵

Sameiginleg loftslagsmarkmið landanna verða að byggjast á vísindalegum grunni og tilgreina hvernig markmiði Parísarsamkomulagsins um að takmarka hlýnun við 1,5 hitastig skuli náð. Til að stemma stigu við verstu áhrifum loftslagsbreytinganna þarf einnig að samþykkja nettó neikvæð markmið.⁶ Þetta þýðir að jörðin bindi meira magn af gróðurhúsalofttegundum en hún losar út í andrúmsloftið. Í eðlilegu framhaldi af settum markmiðum er hægt að setja sérstæð markmið fyrir hvern geira um hvernig hætt verði í áföngum og stefnumótandi áætlanir þar að lútandi.

Sameiginleg markmið í loftslagsmálum stuðla að skýrleika, skipulagsfærni og langtímasjónarmiðum sem gera það kleift að fjárfesta til lengri tíma og efla á þann hátt samkeppnisfærni Norðurlanda. Sameiginlegar og stefnumótandi átaksaðgerðir munu fela í sér nýjar og hugvitsamlegar lausnir og snjalla hagnýtingu á ólíkum styrkleikum landanna. Á Íslandi eru rík tækifæri til að vinna orku úr jarðvarma, Danmörk er í fararbroddi á sviði vindorku, Noregur hefur mikið efnahagslegt svigrúm til að stunda nýsköpun og í Svíþjóð og Finnlandi eru víðfeðmir skógar mikilvægir kolefnisviðtakar. Norðurlöndin geta og eiga að sýna að öflugt velferðarkerfi og efnahagslegur stöðugleiki eigi samleið með virku loftslagsstarfi.

Róttæk umskipti samfélaganna í þágu loftslagsmála eru undir því komin að Norðurlöndin vinni saman og hagnýti sér styrkleika hvert annars. Með stefnumarkandi samhæfingu á alþjóðavettvangi geta Norðurlöndin þrýst á ESB og loftslagssamning SP. Hlutverk norræns samstarfs felst nefnilega ekki eingöngu í því að sýna raunhæfan árangur heldur einnig að koma pólitískum lausnum á framfæri sem önnur svæði heimsins geta tileinkað sér.

⁵ Bréf dagsett 20.1.2021 með yfirskriftinni: „Set an end date for the use of fossil fuels in the Nordic region – A call from the Nordic Nature Conservation Organizations“.

⁶ <https://exponentialroadmap.org/exponential-roadmap/>



Á ögurstund alþjóðasamfélagsins hefur aldrei verið eins mikil þörf á norrænu loftslagsbandalagi og nú.

Þegar Norræna sjálfbærnefndin fjallaði um tillöguna í fyrsta sinn á fundi sínum 28. júní 2021, var ákveðið að skoða tillöguna nánar og bjóða hlutaðeigandi aðilum til hringborðsumræðna.

Við afgreiðslu tillögunnar var nefndin sammála um að halda hringborðsumræður með hlutaðeigandi aðilum. Því setti nefndin „Norrænt loftslagsbandalag og loftslagsmarkmið“ á dagskrá samráðsfundar nefndarinnar með norrænu loftslags- og umhverfisráðherrunum sem haldinn var 2. nóvember. Þá ákvað nefndin að beina fyrirspurn til til ríkisstjórna Norðurlandanna og bjóða viðeigandi landsdeildum til umræðan um markmið og áætlanir í loftslagsmálum. Hinn 24. febrúar var haldinn fundur þjóðþinganna þar sem formaður og varaformaður nefndarinnar tóku þátt, ásamt nefndarformenn/varaformenn þingnefndanna í Noregi, Finnlandi, Svíþjóð, Íslandi, Álandseyjum, Færeyjum og Danmörku.

Sjónarmið nefndarinnar

Nefndin virðir að norrænu löndin hafi sett sér metnaðarfull loftslagsmarkmið sem Framtíðarsýn okkar 2030 um að Norðurlönd verði samþættasta og sjálfbærasta svæði heims styður við. Mörg þeirra úrlausnarefna sem norrænu löndin standa frammi fyrir í tengslum við græn umskipti eiga við um öll löndin og því væri hagur í að leysa þau í sameiningu. Þau snúast meðal annars um umskipti í samgöngugeiranum, orkugeiranum, byggingariðnaði og landbúnaði. Samstarf á sviði rannsókna og nýsköpunar er afgerandi fyrir þróun lausna og leiða til að koma umskiptunum í framkvæmd. Að mati nefndarinnar hafa Norðurlönd hag af því að efla samstarfið um að ná loftslagsmarkmiðum sínum frekar.

Á samráðsfundinum með norrænu loftslags- og umhverfisráðherrunum setti nefndin fram spurningu um aukið norrænt loftslagsstarf, einkum í ljósi nýjustu skýrslu milliríkjanefndar Sameinuðu þjóðanna (IPCC) þar sem bent er á að loftslagsbreytingar hafi nú þegar og geti haft enn afdrifaríkari afleiðingar fyrir samfélög okkar. Ráðherrarnir vísuðu meðal annars til Framtíðarsýnar okkar 2030, sem myndar almenna og metnaðarfulla umgjörð um samstarf norrænu landanna í tengslum við loftslagsaðgerðir, og aukinnar fjárveitingar til loftslags- og umhverfismála.

Finnski ráðherrann benti á að norrænu löndin hafi hvert um sig sín eigin loftslagsmarkmið og að mikilvægt sé að löndin keppi ekki hvert við annað heldur viðurkenni mismunandi sögu og tækifæri landanna. Aftur á móti sé mikilvægt að löndin læri hvert af öðru og skiptist á góðum ráðum. Sænski ráðherrann tók undir þetta og benti jafnframt á mikilvægi þess að norræn markmið yrðu sífellt metnaðarfullri en byggðust ekki á eldri niðurstöðum. Fulltrúi Færeyja vísaði til þess að þar sem verið sé að semja nýja loftslagsstefnu gæti hann ekki tjáð sig frekar um málið. Norski ráðherrann vísaði til ólíkra aðstæðna landanna varðandi tækni og skóglendi þegar kemur að upptöku og bindingu koldíoxíðs og lagði jafnframt áherslu á mikilvægi réttar upplýsingagjafar um þetta. Þá var bent á að Noregur ætti að



hætta olíuframleiðslu og að lönd á borð við Danmörku ættu heldur ekki að óska eftir olíu. Dansk loftslags- og orkumálaráðherra vísar til háleitra loftslagsmarkmiða Danmerkur um að draga úr losun um 70% árið 2030 og benti á mikilvægi þess að setja gott fordæmi því það myndi hafa áhrif á heimsbyggðina alla. Í tengslum við þróun okkar verða þróaðar nýja lausnir í alþjóðlegu samhengi.

Þá kom fram í umræðunum á sameiginlegum fundi þinganna að löndin hafa mismunandi skilyrði, styrk og áskoranir þegar kemur að loftslagsbreytingum og innleiðingu Parísar-sáttmálans. Sameiginleg norræn markmið og stefnumörkun koma ekki að gagni. Hins vegar myndi auknið og eftt samstarf og skipti á þekkingu á lausnum vera gagnlegt. Um leið geta Norðurlönd unnið saman við að auka metnað á alþjóðavísu. Eining var um að samráð (s.s. sameiginlegir fundir þjóðþinga) kæmi betur að gagni og myndi skila þekkingu um markmið, aðgerðir og góðan árangur landanna í loftslagsmálum.

Í svarinu við spurningu E1/2023 frá ríkisstjórnunum koma fram markmið og áætlanir landanna í loftslagsmálum. Þá er fjallað um aðgerðir landanna varðandi alþjóðlegt kolefnisfótspor þeirra. Loftslagsskýrsla Finnlands hefur að geyma yfirlit yfir neyslutengda losun og í Svíþjóð hefur stór meirihluti lagt fram mál um að draga úr loftslagsáhrifum af völdum neyslu, flug- og skipasamgangna, opinberra innkaupa og umhverfisvænan útflutning. Í Noregi hefur norska umhverfisstofnunin fengið það verkefni að afla meiri þekkingar á aðferðum til að reikna neyslutengda losun.

Hvað varðar spurninguna um hvort fylgja megi yfirlýsingunni um kolefnishlutleysi eftir með sameiginlegum norrænum loftslagsmarkmiðum og stefnu í loftslagsmálum eru norrænu ríkisstjórnirnar, að þeirri grænlenku undantekinni, sammála um að yfirlýsingin veiti mikilvægan ramma um hvernig norrænu löndin geti unnið saman að því að innleiða markmið sín í loftslagsmálum. Þá vísa ríkisstjórnirnar til þess að í Parísarsamningnum og loftslagsmarkmiðum ESB komi þegar fram rammaskilyrði um loftslagsaðgerðir og að því sé ekki þörf á sameiginlegum norrænum loftslagsmarkmiðum.

Aftur á móti telur danska ríkisstjórnin meira virði fólgið í norrænu samstarfi sem miðast að því að hafa áhrif á alþjóðleg marmið og markmiðasetningu ESB. Sem eftirfylgd við núverandi yfirlýsingu um kolefnishlutleysi bendir Finnland á að frekari norræn yfirlýsing kunni að leggja áherslu á þörfina á háleitari markmiðum á alþjóðavísu.

Norræna sjálfbærnefndin lýsir mikilli ánægju með að norrænu löndin taki sér stöðu í fararbroddi á heimsvísu bæði með tilliti til loftslagsmarkmiða og þróunar nýrrar tækni en leggur um leið áherslu á að enn er svigrúm til þess að setja markmið umtalsvert hærra þegar kemur að innleiðingu. Forysta norrænu landanna skiptir miklu máli eigi þau að ná loftslagsmarkmiðum sínum og um leið varða þau leiðina fyrir önnur lönd. Þessu forystusæti þurfa norrænu löndin að halda.



Þegar tillagan var rædd hjá norrænu sjálfbærniefndinni lýsti flokkahópur jafnaðarmanna áhyggjum af því að sameiginlegt norrænt markmið myndi endurspegla lægsta samnefnara. Engu að síður þótti hópnum tillagan áhugaverð og undir það tóku Norræn vinstri græn. Flokkahópur miðjumanna undirstrikaði að tillagan sé mikilvæg og marki stefnu fyrir græn umskipti á Norðurlöndum, þ. á m. með stuðningi við tækniþróun, fjárfestingar í grænum vinnustöðum o.fl. og lagði fram eftirfarandi málamiðlunartillögu um tillöguliði:

Norðurlandaráð beinir þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar

að vinna sameiginlega að því að uppfæra loftslagsmarkmiðin í Evrópu í samræmi við ráð vísindafólks með það fyrir augum að ná 1,5 gráðu markmiði Parísarsamkomulagsins.

Norðurlandaráð beinir þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar

að fylgja eftir norrænni yfirlýsingu um kolefnishlutleysi með sameiginlegri norrænni loftslagsstefnu

Norræn vinstri græn, flokkahópur hægrimanna og flokkahópur jafnaðarmanna lýstu yfir stuðningi við málamiðlunartillöguna. Norrænt frelsi styður ekki tillöguna og telur að leggja beri áherslu á losun koldíoxíðs á heimsvísu.

Kaupmannahöfn, 5. september 2023

Johan Andersson (S)
Tove Elise Madland (A)
Mats Wiking (S)
Per Husted (S)
Ola Elvestuen (V)
Rebecka Le Moine (MP)
Bella Forsgrén (gröna)

Simon Holmström (HI)
Ásmundur Friðriksson (Sj.)
Heikki Autto (saml)
Lene Westgaard-Halle (H)
Mariane Paviasen (IA)
Marianne Bigum (SF)
Himanshu Gulati (FrP)

FYRIRVARI

Norrænt frelsi gerir fyrirvara um ákvörðun nefndarinnar um tillögulið. Norrænt frelsi leggur þess í stað til að

Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til norrænu landanna

að ræða í sameiningu um stefnumótun til hámarka skilvirkni í loftslagsmálum fyrir næsta leiðtogafund um loftslagsmál.

Umræður í nefndinni fjölluðu um frekari aðgerðir í loftslagsmálum innan Evrópu (þ.e. aðildarríki ESB og tengd ríki) á grundvelli nýrra vísindalegra ráðlegginga. Ráðleggingarnar snúast um að auknari aðgerða sé þörf en áður var talið og innihalda þær tillögu um aukið samráð um aðgerðir frá undirritendum. Mikilvægt er að undirstrika að þó svo að mat á samansafnaðri þörf á aðgerðum grundvallast á



vísindalegu mati er skipting ábyrgðar ekki grundvölluð á vísindalegu mati. Orðalag nefndarinnar mun þó verða túlkað á þann hátt.

Norrænt frelsi vill meina að ástæða þess að losun minnkar ekki er vegna þess að sum ríki axla ekki ábyrgð. Þegar ESB dregur úr losun eykur Kína losun tvöfalt á við það. Kína og önnu lönd þurfa að byrja að draga úr losun núna. Með öðrum orðum ætti að endurskoða dreifingu ábyrgðar á næsta leiðtogafundi um loftslagsmál. Það skiptir öllu máli fyrir loftslagið að Norðurlönd hætti að ræða eigin stærri aðgerðir sem eiga að bæta upp fyrir aðgerðarleysi annarra og að þau þess í stað byrji að ræða stefnuáætlanir um hvernig draga skuli úr sameiginlegri losun á heimsvísu, sem felur í sér til hvaða aðgerða skuli grípa svo að Kína byrji að draga úr losun. Annars mun heiminum ekki takast þetta.

Kaupmannahöfn, 5. september 2023

Staffan Eklöf (SD)